

Evrópskt einingakerfi fyrir
starfsmenntun

Hugleiðingar um tengsl við
námskrá á Íslandi.

Jóhannes Árnason feb. 2016



ECVET – hvað er það?

Evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun
European Credit System for Vocational Education
and Training

Sambærilegt við evrópsku háskólaeiningarnar ECTS
Fullt nám telst vera 60 ECVET einingar á
ársgrundvelli, samsett úr mismörgum
námsáföngum

Eitt ársverk í skóla er 40 námsvikur og hver vika
gefur 1,5 einingu – þó þannig að ekki er hægt að fá
meira en 60 einingar á ári.

Eining er þriggja daga vinna ?? 20 – 24 klst

Grunnhugtök ECVET kerfisins

Hæfniviðmið (Learning Outcomes)

- þekking, færni, hæfni

Námspáttur (Unit of Learning Outcomes)

ECVET einingar

Námseiningar (Credits)

Gagnkvæmt **traust**

Skriflegt samkomulag um námið (Memorandum of Understanding - MoU)

Skrifleg lýsing á hlutverkum hvers og eins í námsferlinum (Learning Agreement)

EQF – NQF - ISQF

EQF er European Qualification Framework eða Evrópski hæfniramminn og lýsir hæfniprepum fyrir mismunandi prófgráður.

NQF er National Qualification Framework og er lýsing á hæfniprepum í einhverju landi. Með mismunandi hætti í mism. löndum.

ISQF er íslenski hæfniramminn. Hann passar að mestu við EQF, þó nær hæfniprep 1 á Íslandi yfir hæfniprep 1 og 2 í EQF.

ISQF 3 stúdentspróf og sveinspróf í iðngrein. EQF4

ISQF 1 er að ljúka markmiðum grunnskóla EQF2

ISQF 5 er BA / BS próf. EQF6

https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Utdrattur_islensk-haefnivi-dmid-og-haefnirammi-ESB_v2_ogk.pdf

ECVET er hluti ísl. námskrár

ECVET byggir á að hægt sé að skilgreina viðmið í bóklegu námi, verklegu námi og í vinnustaðapjálfun og að þau séu einingabær þ.e. hægt að telja þau í einingum.

Ég sé ekki annað en að þetta sé einmitt það sem ný námskrá á Íslandi notar.

Í nýrri námskrá tilgreinum við áfanga í einingum miðað við vinnu nemenda. Afanginn TRÉS1HA05 er í námsgreininni TRÉSmíði á fyrsta hæfniprepi, sérgreining áfangans er HAndverkfæri og hann er 5 einingar eða 15 daga vinna.

Sömu hæfniviðmiðin í mismunandi löndum.

Í áfangalýsingu er tekið fram hver eru þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið áfangans. Líka um forkröfur.

Ef handverk í trésmíði og verkfæri eru hliðstæð er mjög líklegt að nám í öðru landi eða verkþjálfun í öðru landi skili sömu eða alveg hliðstæðri hæfni nemans eins og í heimalandinu. Hægt er að fullvissa sig um það með því að bera saman lýsingar á þeirri hæfni sem unnið er að ná. Til viðbótar kemur tungumálapátturinn.

Þannig er hægt meta nám og þjálfun milli landa og rífa niður hindranir á því að fólk geti numið og þjálfað hæfni sína og fengið sambærilegt mat á henni í öðru landi.

Viljayfirlýsing -Memorandum of understanding

Til að staðla yfirfærsluna er gerð sú krafa þegar veittir eru styrkir til náms og þjálfunar í öðrum löndum (Erasmus + mobility) að stofnanirnar fylli út sérstök skjöl til að tryggja vinnubrögð við matið á náminu og þjálfuninni.

MoU Memorandum of understanding: minnisblað um að stofnanir vilji vinna saman og hvað hver gerir.

Myndar ramma um samstarfið.

Inniheldur meginreglur um mat, yfirfærslu og upplýsingar um árangur nemandans erlendis.

Nánari upplýsingar um viljayfirlýsingu má finna í bæklingnum *Leiðbeiningar fyrir ECVET*

sem gefinn hefur verið út hjá Rannís

Námssamningur – Learning agreement

Þarf að undirbúa fyrir hverja námsferð (fyrir hvern einstakling).
Felur í sér samkomulag um þjálfun eins eða fleiri nemenda.

Undirritaður námssamningur er skjal sem lýsir og sannar
almennt samvinnu milli tveggja samstarfsaðila.
Þar kemur fram hvaða hæfni er stefnt að og hvernig matið á
þjálfuninni fer fram. Þarf að vísa í lista um hæfniviðmið.

Svo eru líka gerðir samningar um styrkinn við nemann.
Samningur milli þeirra sem taka þátt í samstarfinu.

Sjá nánar í *Leiðbeiningar fyrir ECVET*

Ekkert nýtt á ferðinni. Staðlað

Í stuttu máli þurfum við að passa að setja þetta þannig fram að í raun sé ekkert nýtt á ferðinni þegar við tölum um ECVET miðað við nýja námskrá á Íslandi og að það eina sem bætist við eru formleg skjöl um nám og þjálfun í öðru landi. Allt annað er einfaldlega hluti af okkar námskrá.

Til að staðla hlutina enn frekar getum við nýtt okkur ýmis verkefni sem hafa verið unnin af íslenskum og erlendum stofnunum í samstarfi og þróun á vinnubrögðum við að senda nemendur í vinnustaðanám.

Rétt er að benda á að til eru miklar rannsóknir og heilu háskóladeildirnar sem fjalla um skólastarf, kennslu og nám. Einnig um rekstur fyrirtækja og framleiðslu og þjónustu. Líklega er minna um rannsóknir á því hvað gerist og hvernig þegar nemandi er á vinnustað en á að læra vinnubrögðin þar.

Stuðningur og mat í vinnustaðanámi.

Starfsfóstrun, stöðluð vinnubrögð, stuðningur og leiðbeinandi mat á hæfni nemans er mikilvægt. Þar gildir að nám á vinnustað er á ábyrgð þriggja aðila. Nemi, skóli / miðstöð vinnustaðanáms sem skipuleggur námið að öllu eða mestu leyti og vinnustaður. Það er ekki líklegt til árangurs að skilja einhvern þessara þriggja aðila eftir. Það gildir um nám og þjálfun hér á landi og í öðrum löndum.

Skjölin sem ECVET krefst ætti að þurfa að fylla út líka þegar nemi er í vinnustaðanámi á Íslandi:

Rammksamkomulag milli skóla og vinnustaðar. Vottun.

Skrá yfir hæfniviðmið sem stefnt er að. Námskrá.

Námssamningur (ekki endilega í merkingu iðnnemasamningur)

Nám í samvinnu og samábyrgð.

Nám í skóla sem ekki skoðar hvað vinnustaðir þurfa mun missa marks, það er ekki nóg að skólinn og neminn viti hvað er gert. Vinnustaðir þurfa að vilja vita um námskrá skóla.

Þjálfun á vinnustað sem ekki veit hvað neminn hefur lært í skóla og hvað er eftir að læra í skóla mun ekki efla nemann til að ljúka náminu. Skólinn þarf að þekkja vinnustaðþjálfunina.

Samkomulag skóla og vinnustaða um innihald og fyrirkomulag náms er ekki líklegt til að laða að sér nemendur ef ekki er gætt að því að sýna nemendum fram á að námið sé markvisst og gefi hæfni sem skiptir máli, námið sé aðgengilegt, hægt sé að ljúka því og það sé metið einhvers. Hagsmunir nemenda þurfa að vera með þegar námskrá er gerð.

Eins innan- og utanlands.

ECVET þyrfti helst að hætta að vera eitthvert sér fyrirbrigði. Ef skólarnir taka meiri þátt í vinnustaðþjálfuninni þarf hvort sem er að innleiða þessi vinnubrögð.

Það er ekki heilsusamlegt fyrir nemendur í starfsgreinum að horfa í sífellu á nám í skóla og þjálfun á vinnustað sem ótengda hluti.

Hvernig sem starfsmenntakerfið þróast þarf að auka sveigjanleika og um leið að halda samfellu skólanáms og náms á vinnustað. Sambærilegt við önnur kerfi.

Ein leið væri að skilgreina strax kennara sem fylgja nemendum í vinnustaðanámi (assessors – matsmenn).

Skóli sér um nám og að koma nemandi í þjálfun og ásamt vinnustaðnum fylgist kennari með nema á vinnustað. Minni skrifinnska á vinnustað, markvissari þjálfun.

Þyrftum að innleiða þetta sem fyrst.

Frekari upplýsingar

ECVET, evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun (útg. Rannís)

Leiðbeiningar fyrir ECVET, evrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun (útg. Rannís)

Upplýsingar um ECVET verkefnið á slóðinni
<http://www.erasmusplus.is/menntun/ecvet-verkefnid/>

Á <http://www.ecvet-toolkit.eu/> má finna dæmi um samninga leiðbeiningar um ferlið og annað sem getur komið að gagni.